

**Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**  
**8. fundur 2017 (73. fundur)**  
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 22.09.2017 kl. 09:30 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Sigurður Thoroddsen	"
Steinþór Einarsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Anna Margrét Tómasdóttir	Mannvirkjastofnun

Guðlaugur H. Sigurjónsson boðaði forföll en í stað hans sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi Gunnar Ottósson skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar.

**1. Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs**

Undir þessum lið véc Einar Jón Pálsson af fundi.

Lagt var fram erindi skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Garðs, dags. 29.08.2017, varðandi vinnslutillögu vegna breytinga á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 2013 – 2030. Vinnslutillagan fjallar um breytta landnotkun við Rósaselstorg, þar sem landnotkun er breytt úr athafnasvæði í verslunar- og þjónustusvæði, og við Garðvang, þar sem svæði fyrir samfélagsþjónustu er breytt í svæði fyrir íbúðabyggð. Samhliða er gerð tillaga að breytingu á takmörkunum vegna hindrunarflata Keflavíkurflugvallar, en sú breyting er háð staðfestingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013 – 2030.

Skipulagsnefndin vekur athygli á að umrædd svæði eru í að- og brottflugslínu flugvallarins og þarf deiliskipulag svæðisins að taka mið af því. Ekki eru að svo komnu máli gerðar frekari athugasemdir við vinnslutillöguna.

**2. Deiliskipulag Háaleitishlaðs**

Skipulagsfulltrúi upplýsti að tillaga að deiliskipulagi Háaleitishlaðs hefur verið auglýst og er athugasemdafrestur til 18.10.2017.

**3. Deiliskipulag Flugstöðvarsvæðis**

Skipulagsfulltrúi upplýsti að tillaga að deiliskipulagi Flugstöðvarsvæðis verði tilbúin til yfirferðar hjá Isavia í næstu viku og gæti tillagan því komið fyrir skipulagsnefndina á væntanlegum fundi í október n.k.

#### 4. **Hljóðvist – hljóðmælikerfi Keflavíkurflugvallar**

Til fundarins mætti Valur Klemensson deildarstjóri umhverfisdeildar Isavia sem kynnti nýtt hljóðmælikerfi Keflavíkurflugvallar. Kerfið er með 4 mælistöðvar í nágrenni flugvallarins. Kerfið verður opið almenningi og er unnt að senda inn athugasemdir í gegnum kerfið vegna atvika varðandi óeðlilegan hávaða af völdum flugvéla.

#### 5. **Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar**

Til fundarins mættu undir þessum lið (og liðum 6. – 8.) Stefán Gunnar Thors umhverfishagfræðingur hjá VSÓ ráðgjöf, Sigbjörn Kjartansson arkitekt hjá Glámu Kím og Friðfinnur Skaftason verkfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Glóey Finnsdóttir lögfræðingur hjá Isavia var í símasambandi við fundarmenn undir þessum lið.

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur staðfest aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013 – 2030 og um leið hafnað tillögu Skipulagsstofnunar um að staðfesta ekki tvo tiltekna þætti aðalskipulagsins, nýja flugbraut og uppbyggingaráform á Flugstöðvarsvæði í samræmi við farþegaspá.

Guðmundur Björnsson formaður skipulagsnefndarinnar fór yfir feril málsins sem hefur tekið óvenjulangan tíma. Þakkaði hann um leið öllum þeim sem að málinu hafa komið góð störf. Ræddi hann einnig stöðuna í dag og hvaða lærdóm mætti draga af öllu undangengnu ferli.

Glóey Finnsdóttir tiltók sérstaklega að með úrskurði umhverfisráðherra hefði rétt hæð aðalskipulags Keflavíkurflugvallar gagnvart svæðisskipulagi Suðurnesja verið staðfest.

Umræða varð um deiliskipulagsvinnu í framhaldinu og mengunarmælingar.

Staða málsins í dag er að skipulagsgögnin eru tilbúin til undirritunar. Skipulagsfulltrúi fylgir málinu eftir gagnvart öðrum aðilum sem undirrita eiga skipulagsuppdráttinn. Umhverfis- og utanríkisráðuneytið munu auglýsa staðfestingu aðalskipulagsins og skipulagsnefndin auglýsir niðurstöðu sveitarstjórnar (skipulagsnefndar).

Stefán Gunnar Thors fór yfir feril málsins frá upphafi með glærुकynningu. Að lokum var varpað upp spurningunni: Hefði verið hægt að stýra ferlinu betur?

#### 6. **Skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar**

Upplýst var að skipulagsreglurnar eru í vinnslu. Verða drög að þeim kynnt í samgönguráðuneytinu, skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar og hjá Samgöngustofu. Munu skipulagsreglurnar fara til skoðunar í ráðuneytinu eftir 4 – 6 vikur og ef allt gengur eftir væri hugsanlega mögulegt að auglýsa þær í desember n.k.

#### 7. **Svæðisskipulag Suðurnesja**

Í tilefni af staðfestingu aðalskipulags Keflavíkurflugvallar verður svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja send bókun þar að lútandi. Svæðisskipulagsnefndin tekur þá til skoðunar hvort tilefni sé til endurskoðunar svæðisskipulagsins. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar telur ekki brýna nauðsyn á að svæðisskipulaginu verði breytt af þessu tilefni.

**8. Varamenn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**

Umræða var um hvort æskilegt væri að að unnt væri að kalla inn varamenn fyrir nefndarmenn í skipulagsnefndinni. Ekki er gert ráð fyrir því í lögum um nefndina. Ákveðið var að leita álits samgönguráðuneytisins á málinu.

**9. Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður föstudaginn 27.09.2017 kl. 10 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

[https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/\\_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx](https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx)